

# Hinn væntanlegi Avatar

Eftir R.M.

Endurkoma Krists, framstigning Hvítbræðralagsins og koma hins mikla Avatars samfjöllunar eru, samkvæmt ritverkum Alice Bailey, *einn* mikill atburður sem allir menn bíða eftir. Margt hefur verið sagt um 'endurkomuna' og 'framstigninguna', en lítið er vitað um hinn væntanlega Avatar sem býr að baki og er aðal drifkraftur þessa atburðar. ' . . . Sá Avatar sem um er rætt í Ritningunni . . . er . . . Avatar samfjöllunar.'<sup>i</sup>

## Hinn væntanlegi Avatar

(úr skjalasafni Bræðralagsins)

Frá gullnum hliðum niður í grafhvelfingu jarðarinnar, út frá dýrðarloga eldsins niður í skuggaveröld, kemur hinn leyndi Avatar ríðandi á hesti vopnaður bitru sverði.

Ekkert getur hindrað komu hans og enginn getur andmælt honum. Hann kemur einsamall ríðandi inn í myrkur okkar heims, og við komu hans má sjá hinar mestu hamfarir og ringulreið meðal þeirra sem leitast við að standa gegn honum.<sup>ii</sup>

Hamfarirnar og ringulreiðin, sem koma hans veldur, verða vegna þeirra sem 'standa gegn breytingum' og af þeirri ástæðu að fyrsti geisli samfjöllunar er geisli guðlegrar eyðingar sem eyðir stöðnuðum formum til að hægt sé að skapa ný.

Kosmískir Avatarar eiga uppruna sinn utan sólkerfisins og hinn væntanlegi Avatar samfjöllunar er einn þeirra. 'Uppruni þeirra og andleg sambönd eru mikill leyndardómur, jafnvel fyrir Plánetulogosinn. Þeir koma honum til aðstoðar þegar sameinað ákall einhverrar plánetu hnattakerfisins er orðið nægjanlega máttugt.'<sup>iii</sup> 'Koma þeirra er afar sjaldgæf „(venjulega koma þeir aðeins tvívegis í sögu plánetukerfis)",<sup>iv</sup> en þegar þeir koma er árangur og áhrif starfs þeirra mjög mikill. Raunbirting þeirra á sér stað með milligöngu orkustöðvarinnar að Shamballa, . . . Þeir búa yfir guðlegu ætlunarverki. Þeir fara aldrei neðar en á hugarsviðið, og mestur hluti starfs þeirra beinist að Hvítbræðralaginu. . .'<sup>v</sup>

Á árinu 1941 var sagt frá því að Avatar samfjöllunar myndi nota yfirskyggingu sem aðferð til að komast í snertingu við efnissviðið. Yfirskyggingin beinist að einhverjum meðlima Hvítbræðralagsins sem þá væri þekktur sem hinn minni Avatar,

einnig nefndur 'Reiðmaðurinn á hvíta hestinum' og 'Hinn væntanlegi'. Hinn minni Avatar 'er dulfræðilega tengdur Avatar samfjöllunar með því að vera *yfirskyggður* af honum'.<sup>vi</sup>

Á þeim tíma var sagt að 'ekki er *enn* hægt að opinbera hver Hinn væntanlegi muni verða. Það kann að verða Kristur, . . . það kann að verða einhver sem hann útvelur . . .'<sup>vii</sup> Hins vegar var síðar skýrt frá því að 'Kristur, Mannkynshöfðinginn (Manu) og meistari Morya væru þeir sem myndu verða yfirskyggðir'. 'Til samans mynda þeir orkupríhyrning sem Avatar samfjöllunar notar til að miðla orku sinni sem þeir síðan beina í rétta átt með samstilltu átaki sínu.'<sup>viii</sup> Þetta varpar ljósi á hina leyndardómsfullu setningu, að 'Hann (Kristur) muni koma aftur sem frelsari heimsins, en vegna þess hversu verkefni hans er ógnarlega stórt í sniðum mun hinn „Þögli Avatar“ vera stoð hans og aflvaki og mun (í dulfræðilegum skilningi) „beina tilliti auga síns að honum, halda hönd sinni undir og samstilla hjarta sitt hjarta hans“'.<sup>ix</sup>

Ef til vill er hér varpað ljósi á annan leyndardóm, þ.e.a.s. af hverju H.P.Blavatsky talar um Kalki Avatarinn, sem ríður hvíta hestinum frá Shamballa (1. geisli), sem hinn sama og Lávarður Maitreya, Krist (2. geisli), en það virðist fela í sér mótsögn.<sup>x</sup> Helena Roerich lýsir því yfir að þessi Kalki/Maitreya sé 'Lávarður Shamballa', höfundur 'Agni Yoga bókanna'.<sup>xi</sup> Í bókunum sjálfum er gefið í skyn að þrjár aðilar séu höfundar þeirra: Morya, Maitreya og Rigden.<sup>xii</sup> Rigden er nafn eða embættisheiti konungs Shamballa. Samkvæmt Tíbetanum er það hinn síðasti Rigden, Rigden Dragpo, sem kemur ríðandi á hvítum hesti (í sumum sögnum er hann sagður blár)<sup>xiii</sup> við lok tímabilsins, til að eyða hinu illa í heiminum. Samkvæmt erfðavenju er Rigden Dragpo, einnig þekktur sem Rigden Jyepo og Kalki Rudra Cakrin, holdtekja hins mikla Bodhisattva Manjushri.<sup>xiv</sup> Lávarður Maitreya er Lávarður Helgivaldsins, einnig þekktur sem Kristur.

Í *Kalki Purana* er sagt frá konungi sem nefnist Maru (Morya). Hann býr í Himalajafjöllum, er afkomandi fyrri holdtekju Vishnu og bíður þess að öld ósamræmisins renni sitt skeið á enda. Þegar Kalki kemur til að frelsa heiminn mun hann ganga til liðs við hann í síðasta bardaganum gegn hinum illu öflum. Þegar þeir hafa sigrað mun hann setjast í hásæti sitt og aðstoða Kalki við að stofnsetja hina gullnu öld.<sup>xv</sup>

Það er athyglisvert að meistara Morya er einnig lýst þannig að hann ríði hvítum hesti og að 'með honum starfi hinn máttugi engill eða tívi andlega sviðsins, sem rætt er um í „*A Treatise on Cosmic Fire*“ sem Lávarðurinn Agni . . .'<sup>xvi</sup> . . . Orkan sem stafar frá Avatar samfjöllunar mun fyrst og fremst hafa áhrif á ashram hans (Morya), sem myndar greiðustu leiðina.<sup>xvii</sup> Ástæðan er sú að þau bæði eru af fyrsta geisla.

## Reiðmaðurinn á hvíta hestinum

Samkvæmt tibetskri arfsögn er hvíti hesturinn holdtekja máttugs Bodhisattva, það er Bodhisattva samúðarinnar sem nefndur er Avalokiteshvara. 'Reiðmaðurinn á hvíta hestinum' virðist henta vel sem tákn fyrir yfirskyggingu þar sem hinn minni fórnar sjálfum sér eða tekur að sér það hlutverk að verða sá sem ber hinn meiri á baki sér. H.P.Blavatsky segir að 'Vishnu muni snúa aftur á *Kalki*, Hvíta Hestinum, sem hinn síðasti Avatar . . .'.<sup>xviii</sup> Helena Roerich nefnir *Kalki Avatarinn* 'Avatar Hvíta Hestsins', og Djwhal Khul segir, þegar hann er að ræða um hinn minni Avatar, að 'á fyrri umferðartímabili ræddu vígsluhafar þess tíma um „fórnarhestinn“ . . .'.<sup>xix</sup> Blæbrigðamunur merkingarinnar gefur ýmislegt til kynna.

Í eftirfarandi frásögn úr *fornu* skjalasafni helgivaldsins er spásögn sem sýnir að þessi mikla yfirskygging hefur verið þekkt í Bræðralaginu mjög lengi:

*Synir mannanna sem nú eru synir Guðs* snúa andlitum sínum frá hinu skínandi ljósi og geisla þessu ljósi yfir *syni mannanna sem vita ekki enn að þeir eru synir Guðs*. Þá mun Hinn væntanlegi (hinn minni Avatar) birtast, för hans verður flýtt í gegnum dal skuggans af þeim sem býr yfir ógnþrungnum mætti (Avatar samfjöllunar) sem stendur upp á fjallstindinum (hugar sviðinu) og andar frá sér eilífum kærleik, himnesku ljósi og friðsælum þöglum vilja.<sup>xx</sup>

Djwhal Khul segir ennfremur, 'nafnið, sem Avatar samfjöllunar ber, sýnir ykkur ljóslega uppbyggjandi eðli starfs hans; hann kemur til jarðarinnar til að stuðla að raunbirtingu *samstöðu*, *einingar* og *samskipta*, og hann kemur þess vegna til að beita og hagnýta fyrsta geisla orku. Hann mun efla og hlaða þrjá hópa — stjórnendurna í Shamballa, Nirmanakajana og hið nýja heildi heimspjónenda — með lifandi orku og tengja þá saman með leyndardómsfullum hætti svo að á jörðinni verður til ný samfjöllun og samstilling'.<sup>xxi</sup> Það er athyglisvert í þessu sambandi að þessir þrír hópar sem hinn væntanlegi Avatar mun orkumagna eru ekki þrjár megin orkustöðvarnar sjálfar — mannkynið, Helgivaldið og Shamballa — heldur eru það hóparnir þrír sem starfa sem *tengiliðir* milli þeirra, en með starfi sínu eyða þeir hinum skörpu skilum milli mannkynsins og æðra lífsins og framkalla samfjöllun og einingu. Stjórnendurnir í Shamballa starfa mitt á milli Shamballa og Venusar (æðra sjálfs jarðarinnar); Nirmanakajarnir starfa mitt á milli Helgivaldsins og Shamballa; og hið nýja heildi heimspjónenda starfar mitt á milli mannkynsins og Helgivaldsins. ' . . . Þið sem einstaklingar getið tekið þátt (í þessum nánu andlegu samskiptum) ef þið tengið markmið og þjónustu ykkar sjálfra markmiði og þjónustu hins nýja heildis heimspjón-

enda. Þá munið þið tengjast beint inn í andlegt niðurstreymi guðlegrar orku . . .<sup>xxii</sup>

Spyrja má, hvers vegna er þörf fyrir Avatarinn einmitt nú á okkar tímum? Hvað er að gerast í heiminum sem er svo mikilvægt að það gerir nauðsynlegt að kalla á máttuga veru frá sviðum utan sólkerfisins? Það er einfaldlega vegna þess að 'óeining og aðgreiningarkennd mannkynsins ásamt eigingirni hefur náð svo háu stigi, og afleiðingar þess eru svo algerlega á valdi hinna illu afla, að Helgivaldið kallaði á andlega íhlutun sem svar við byrjandi fjöldaákalli mannkynsins. Hinn óstöðvandi eigingjarni áróður í ræðu og riti, að mestu tengdur efnishyggju, þjóðernishyggju og í grundvallaratriðum ósannur og byggður á röngum grunni, varð að svo miklum sýndarljóma að hann náði til sviða sem venjulega eru ónæm fyrir hljóðum jarðarinnar; því var kallað á Avatar samfjöllunar til aðstoðar'.<sup>xxiii</sup>

Hvenær má vænta þess að þessi leyndardómsfulli Avatar komi? Djwhal Khul skrifar í júní 1943, 'Spurðu mig ekki um daginn eða tímann bróðir minn, því ég þekki hann ekki'. En 'þú munt vita hvenær Avatarinn tengist Plánetulogosinum vegna þess að þá mun ég láta ykkur fá síðasta hluta Ákallsins Mikla'.<sup>xxiv</sup> Það gerði hann í apríl 1945.

Okkur er sagt að við getum lagt okkar lóð á vogarskálarnar í þessari mikilvægu viðleitni með því að:

- '1. Að taka þátt í átaki til að standa sameinaðir með öllum öðrum lærisveinum og leitendum í þeirri viðleitni að ákalla Avatarinn og tengjast honum með einbeittri og kröftugri hugsun og kalla fram svar frá honum.
- '2. Að mynda kjarna eða hóp sem Avatar samfjöllunar getur notað sem tengilið í starfi sínu þegar hinn minni Avatar hefur komið fram á sjónarsviðið á efnissviðinu.
- '3. Að byggja upp net ljóss og þjónustu í öllum löndum. Þetta gerir þjónandinn í byrjun í sínu nánasta umhverfi og breiðir það síðan út um allan heim.
- '4. Að undirbúa almenning undir komu hins Væntanlega með því að benda á vitnisburð fortíðarinnar, sýna fram á hina alheimslegu þörf fyrir guðlega íhlutun og halda á lofti voninni fyrir þá sem þjást, efast eða eru ofsóttir'.<sup>xxv</sup>

'Þegar Avatarinn hefur komið fram á sjónarsviðið, . . .

„Þá munu synir manna bregðast við. Þá mun nýrra ljós bregða birtu yfir hinn drungalega þrautadal jarðarinnar. Þá mun *nýtt líf* streyma um æðar manna, og þá mun sýn þeirra opnast fyrir öllu því sem getur orðið“.<sup>xxvi</sup>

Með öðrum orðum, það mun opnast fyrir augum manna leið til möguleika sem menn hafa ekki látið sig dreyma um áður.

Í ágætu skýringariti sínu um Opinberunarbókina segir Norelli-Bachelet að 'Sigurvegarinn kemur á hvítum hesti, alveg eins og Kalki í Purana-arfsögn indverja, því hann er í raun Kalki, hinn síðasti Avatar'.<sup>xxvii</sup>

*Opinberunarbókin*, kafli 19, versin 11-13: 'Og ég sá himininn opinn, og sjá: hvítur hestur. Og sá, sem á honum sat, heitir Trúr og Sannorður, hann dæmir og berst með réttvísi. En augu hans eru eldslogi, og á höfði hans eru mörg ennidjásn, og hefur hann nafn ritað, sem enginn þekkir nema sjálfur hann. Og hann er skryddur skikkju, blóði drifinni, og nafn hans nefnist: Orðið Guðs.'

P.Davidson líkir einnig saman spádómum hindúa og kristni varðandi avatarinn á hvíta hestinum í bók sinni *The Book of Light and Life or the Essence of the Sohar*, 1891, bls. 53. 'Vishnu á að koma fram undir lok Kali Yug sem *hvítur hestur*. Er nú ekki auðvelt að sjá hve fullkomin samlíking er á milli þessarar kenningar og þess sem Jóhannes kennir í Opinberunarbókinni?' Hann vitnar í sömu versin úr Opinberunarbókinni og hér að ofan og vísar síðan í svipaðan spádóm í *Zend Avesta* og skrifar, 'Hvíti hesturinn sem Sosiosh (frelsari Mazda)<sup>xxviii</sup> ríður, eins og Vishnu, er hestur *sólarinnar*, Shiloh er borg *sólarinnar*, og *Shiloh* er Guð-Messíasinn eða konungurinn sem kemur frá *sólinni* . . . Arabarnir táknuðu lauk (*lach*) með hesti, hesti *sólarinnar*'.

Hér er önnur grein úr skjalasafni Bræðralagsins:

Asurarnir hylja andlit sín, og það hriktir í undirstöðum blekkingarinnar . . . Ringulreiðin verður enn meiri; meginorkustöðin ásamt sviðunum sjö sem snúast umhverfis titra í bergmáli eyðingarinnar. Reykský hins algera myrkurs stíga upp og sundrast. Ómstríð hljóð hinna stríðandi afla taka á móti Honum sem kemur, en þau eru honum ekki neinn farartálmi. Þegar hann nálgast mæta honum hróp og deilur hins fjórða mikla lífríkis sem blandast hinum mýkri tónum byggjenda hins fimmta og hins sjötta. Samt heldur hann áfram för sinni sem stormsveipur um hringferil sviðanna og mælir fram *Orðið*.

Frá gröf blekkingarinnar upp til hinna gullnu hliða, út úr drunganum og myrkrinu aftur til dýrðarljóma dagsins ríður hinn Raunbirti, Avatarinn, og ber hinn sundraða kross.

### **Endurkoma hans er óumflýjanleg**

'Ekkert getur komið í veg fyrir endurkomu hans, enginn getur hindrað för hans, því hann fer hina efri leið og ber með sér fólk sitt. Kemur þá endir þjáninga og endir stríða, blandast þá heimarnir og lífríkin. Allt er hreinsað upp innan sporbaugsins, hrings raunbirtingarinnar. Formunum sem tilheyra blekkingunni og eldinum sem öllu eyðir er safnað saman af Honum sem ríður himnana og

mun hverfa aftur til hinnar tímalausu eilífðar.'

'Ef þið hafið íhugað orð mín með athygli ætti ykkur að vera ljóst að mikil andleg hreyfing er væntanleg — ef til vill hin mesta sem um getur, . . .<sup>xxix</sup>

---

### TILVITNANIR

- i.. *The Externalisation of the Hierarchy*, eftir Alice A. Bailey, bls. 648. Skáletrun í þessari og eftirfarandi tilvitnunum eru höfundar.
- ii.. *A Treatise on Cosmic Fire*, eftir Alice A. Bailey, bls. 747-8.
- iii.. *The Rays and the Initiations*, eftir Alice A. Bailey, bls. 734.
- iv.. *A Treatise on Cosmic Fire*, bls. 726.
- v.. *The Externalisation of the Hierarchy*, bls. 301.
- vi.. Úr sömu bók, bls. 303.
- vii.. Úr sömu bók, bls. 303.
- viii.. Úr sömu bók, bls. 663.
- ix.. *The Rays and the Initiations*, bls. 95.
- x.. *The Secret Doctrine*, eftir H.P.Blavatsky, ritstýrt af Boris de Zirkoff, 1. bindi, bls. 384.
- xi.. 'Maitreya samsvarar Kalki Avatarinum í Hindúasið („Avatar hvíta hestsins“ sjá Opinberunarbók Jóhannesar) . . .' og '. . .Maitreya og núverandi lávarður Shamballa eru einn og hinn sami. . .' —  
Letters of Helena Roerich, 2. bindi, bls. 153.
- xii.. Morya í titli fyrstu tveggja bókana, *Leaves of Morya's Garden*, 1. og 2. bindi; Maitreya á sanskrít á bókarkápu allra bókana (Maitreya Sangha eða Ashram Maitreya) og í setningu sem kemur fyrir í bókinni *Infinity*, 1. bindi, nr. 219, 'Ég, Maitreya, lýsi því yfir . . .', og Rigden einnig í setningu, 'Ég, Rigden, segi . . .'
- xiii.. *The Way to Shamballa*, eftir Edwin Bernbaum, bls. 172 og 177-8.
- xiv.. Úr sömu bók, bls. 172; og *The Books of Kiu-te, or the Tibetan Buddhist Tantras* eftir David Reigle, bls. 36.
- xv.. *The Way to Shamballa*, bls. 83-84.
- xvi.. *The Externalisation of the Hierarchy*, bls 505.
- xvii.. Úr sömu bók, bls. 662.
- xviii.. *The Secret Doctrine*, 1. bindi, bls. 87.
- xix.. *The Externalisation of the Hierarchy*, bls. 304.
- xx.. *The Rays and the Initiations*, bls 94-95.
- xxi.. Úr sömu bók, bls. 734-5.
- xxii.. Úr sömu bók, bls. 735.
- xxiii.. *The Externalisation of the Hierarchy*, bls. 648.
- xxiv.. *The Rays and the Initiations*, bls. 93 og 95.
- xxv.. *The Externalisation of the Hierarchy*, bls. 311-12.
- xxvi.. *The Rays and the Initiations*, bls. 94-5.
- xxvii.. *The Hidden Manna*, eftir Patrizia Norelli-Bachelet, bls. 262.
- xxviii.. *Theosophical Glossary*, bls. 306: Sosiosh.
- xxix.. *The Externalisation of the Hierarchy*, bls. 649.